

**Aðalfundur í Fjarskiptum hf.**  
**26. mars 2014**

Miðvikudaginn 26. mars 2014 kl. 16.00 síðdegis er haldinn aðalfundur hjá Fjarskiptum hf. að Suðurlandsbraut 2, Hilton Reykjavík Nordica hótél.

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður, setti fundinn og gerði tillögu um Kristinn Hallgrímsson hrl. sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri gerði tillögu um Ragnheiði Þorkelsdóttur hdl. og Valgerði B. Eggertsdóttur hdl. sem fundarritara. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því yfir að boðað hefði verið til aðalfundar félagsins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í dagblöðum, fyrst fyrir þremur vikum síðan. Hlutaskrá félagsins liggur fyrir fundinum og samkvæmt henni er mætt fyrir 38 hluthafa sem hafa að baki sér 75,5% hlutafjár. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti. Fundurinn skoðast því lögmætur.

Að því búnu er gengið til dagskrár:

**1. Skýrsla stjórnar.**

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar. Gerði hann grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Stjórnarformaður sagði með fundinum ætlunin að gera upp viðburðarríkt ár sem nú er að baki. Stórir sigrar hafa verið unnir en einnig tekist á við erfið verkefni. Upplýsti stjórnarformaður að mikilvægum samningum hefði verið landað og félagið væri að búa sig undir framtíðina. Lagði hann áherslu á mikilvægi þess að nýta reynslu síðustu mánaða til að skapa félaginu samkeppnislegt forskot til framtíðar. Félagið myndi aðeins styrkjast við ágjöf. Sagðist stjórnarformaður vera sammála forstjóra félagsins í því að Vodafone kæmi út úr viðburðum síðustu mánaða sem sterkara félag. Mikið gott og faglegt starf hefði verið unnið bæði af hálfu starfsfólks félagsins sem og annarra. Sagði hann marga hafa lagt hönd á plóg og nefndi stjórnarformaður í því sambandi Póst- og fjarskiptastofnun, innanríkisráðuneytið og lögregluna.

Stjórnarformaður sagði efnahag félagsins vera sterkan í byrjun árs, tekjur stóðu í stað en hagnaður félagsins hefur tvöfaldast milli ára. Stjórnarformaður vék því næst að þeirri staðreynd að fjarskiptafyrirtæki væru að horfa fram á breytta tíma. Sá tími er liðinn að mælt sé í mínútum og smáskilaboðum, nú er allt mælt í gagnaflutningi. Viðskiptavinir gera aukna kröfu um aukið gagnsæi, fyrirsjáanlegan kostnað o.s.frv.

Á aðalfundi félagsins í apríl á síðasta ári var ný stjórn kjörin hjá félaginu. Stjórnarformaður sagði frá fyrstu stundu hefði verið lögð áhersla á í starfi stjórnar að byggja á opnu og góðu samstarfi. Stjórn félagsins hefur unnið að mikilli stefnumótun, framtíðarsýn, fyrir félagið sem verður kynnt nánar síðar á fundinum. Er henni ætlað að marka fyrstu skrefin inn í nýjan veruleika.

Stjórnarformaður sagði veru félagsins á markaði hafa djúpstæð áhrif á félagið. Góðar og slæmar fréttir fá aukna athygli og enginn velkist í vafa um mikilvægi góðs rekstrar. Áhuginn á félaginu hefur aukist töluvert á milli ára, bæði hjá fjölmiðlum og á markaðnum. Stærstu viðskiptin með bréf í félaginu voru 2. apríl 2013 þegar Framtakssjóður Íslands seldi fyrir 2,3 milljarða. Sú sala markaði mikil þáttaskil hjá félaginu enda hafði sjóðurinn fram að því átt 80% af hlutafénu og stóð að skráningu félagsins á markað. Mánaðarleg sala á bréfum í félaginu, ef viðskipti FSÍ eru tekin út fyrir svigann, nema að meðaltali um milljarði á mánuði.

Fyrir fundinum liggur tillaga stjórnar um að ekki verði greiddur út arður. Jafnframt liggur fyrir tillaga um arðgreiðslustefnu sem er ætlað að tryggja ákveðinn fyrirsjáanleika í rekstri félagsins. Felur tillagan í sér skýra stefnu um hvernig ávöxtun er skilað til hluthafa. Þá þarf félagið jafnframt að geta nýtt sér fjárhagslegan styrk sinn til kaupa á eigin hlutafé.

Sagði stjórnarformaður aðrar tillögur stjórnar skýra sig að mestu leiti sjálfar. Meðal þeirra er starfskjarastefna sem er að mestu óbreytt, ekki er lögð fram tillaga um kauprétt starfsmanna en ef slíkt verður íhugað þá verður gætt hófsemi. Sagði stjórnarformaður engar tímamótamarkandi tillögur um breytingar á samþykktum liggja fyrir á fundinum.

Upplýsti stjórnarformaður jafnframt að stjórnarkjör fari fram eftir margfeldiskosningu. Fyrir hönd stjórnar færði stjórnarformaður öllum starfsmönnum félagsins þakki fyrir góð störf sem og viðskiptavinum þakklæti fyrir farsælt samstarf og viðskipti.

Að því búnu lauk stjórnarformaður máli sínu.

Fundastjóri tók til máls og lagði til að umræðu um skýrslu stjórnar yrði frestað.

## **2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2013.**

Fundarstjóri kynnti fundarmönnum fyrirleggjandi tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar félagsins:

„Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2013.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu stjórnar. Enginn kaus að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði fundarmanna. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.**

Því næst gaf fundarstjóri Ómari Svavarssyni forstjóra félagsins orðið til að fara yfir ársreikning liðins starfsárs.

Hóf forstjórinn mál sitt á að fara yfir rekstarreikning félagsins. Sagði hann hagnað félagsins hafa tvöfaldast milli ára. Nokkur breyting varð á EBITDA félagsins og sagði forstjóri hana þá hæstu í fimm ár. Sagði forstjórinn þróunina á EBITDA hlutfallinu hafa verið góða undanfarin ár, þ.e. frá árinu 2011. Upplýsti hann að farsímatekjur væru að lækka á milli ára og skýrðist það að mestu á breytingum á samtengi- og reikigjöldum.

Fór forstjórinn því næst yfir eignahlið efnahagsreikningsins. „Skattaeignin“ er yfirfæranlegt tap sem verður nýtt næstu ár. „Aðrir veltufjármunir“ á reikningum eru viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.

Upplýsti forstjórinn að stjórn félagsins hefði á árinu samþykkt fjárfestingarstefnu fyrir félagið. Einnig hefði náðst samningar við viðskiptabanka þess um 1 milljarðs króna lánalínu sem félagið getur dregið á að vild. Samningurinn vegna hennar nær til næstu þriggja ára með framlengingarmöguleikum.

Vék forstjórinn því næst að skuldahlið efnahagsreikningsins. Eiginfjárhlutfall félagsins hefur aukist úr 41,7% í 49,4% á árinu. Vaxtaberandi skuldir hafa lækkað töluvert úr 7,1 milljarði í 5,6 milljarða. Þá má sjá af sjóðstreymisýfirlitinu að fjárfestingarhlutfall félagsins er 10,3% samanborið við 9,6% árið áður. Einnig hefur Net Debt aldrei verið lægra að sögn forstjórans.

Að aflokinni yfirferð yfir helstu atriði í ársreikningi félagsins fór forstjóri yfir helstu fréttir úr rekstri undanfarið ár. Töluvert mikið af nýjungum hafa verið kynntar að undanfögnu. 4G þjónusta hefur verið hleypt af stokkunum og tilkynnti forstjóri að í þessum töluðu orðum væri verið að opna nýja senda í Garðabæ og Borgartúni. Snjalltækjasala hefur aukist töluvert og er það ekki síst vegna góðs samnings við Apple, styrkti sá samningur söluna töluvert í lok árs 2013. 3G þjónusta félagsins hefur einnig eflst mikið, þjónustuvæðið stækkað og kerfi efld. Nýjar þjónustuleiðir verða kynntar í farsíma á næstunni en á síðasta ári kom EuroTraveller til sögunnar, sala hófst á Ljósneti Vodafone og sjónvarpsþjónustan var efld með tímaflakki.

Forstjórinn sagði einnig frá tímamóta samningi sem var gerður við Ríkisútvarpið á síðasta ári. Samningurinn var gerður til 15 ára og felur í sér tvær háskerpurásir til 99,8% heimila á landinu. Tekjur af samningnum eru um 4 milljarðar króna á tímabilinu og er gert ráð fyrir að slökkt verði á síðasta hliðræna sendinum í lok árs 2014.

Á árinu voru jafnframt kynnt áform félagsins um stofnun félags með Nova um rekstur á farsímadreifikerfi þess. Verði af verkefninu felur það í sér mikla hagkvæmni í fjárfestingum og rekstri að sögn forstjórans. Mun félagið styrkja innviði og spara gjaldeyri hjá félaginu. Segir forstjóri að um skynsamlegt skref í rétta átt sé að ræða sem er í samræmi við það sem er að gerast í löndunum í kring. Niðurstöðu er vonandi að vænta í apríl í málinu, þ.e. hvort undanþága fáiast hjá Samkeppniseftirlitinu og Póst- og fjarskiptastofnun.

Því næst fór forstjóri yfir innbrotið sem félagið varð fyrir í lok nóvember á síðasta ári. Kynnti hann þau úrræði sem gripið hafði verið til. Kom fram í máli hans að hann teldi félagið standa sterkara að vígi eftir umrætt atvik. Margt hefði lærst af atburðinum og hann nýttur til að gera betur hjá félaginu. Þá ítrekaði forstjóri að ekkert hefði komið fram sem segði að félagið hefði brotið lög.

Því næst kynnti forstjórinn myndband sem ber yfirskriftina „Áfram vegin – Vodafone 2014-2016“.

Fundarstjóri gaf orðið laust um bæði skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins. Enginn kaus að taka til máls og var ársreikningur félagsins borinn umræðulaust undir atkvæði fundarmanna. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

#### **4. Tillaga um arðgreiðslustefnu félagsins.**

Fundarstjóri kynnti fundarmönnum fyrirleggjandi tillögu stjórnar um arðgreiðslustefnu félagsins:

„Fjarskipti hf. stefna að því að greiða hluthöfum árlega arð sem nemur 20-40% af hagnaði eftir skatta. Eins er félaginu heimilt að kaupa eigin bréf í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni með það að markmiði að stýra efnahagsreikningi félagsins á sem hagkvæmastan hátt.

Við mótun tillagna um arðgreiðslu og kaup á eigin bréfum skal stjórn taka tillit til:

- *markmiða fjárstýringarstefnu félagsins*
- *markaðsaðstæðna*
- *fjárfestingarþarfar félagsins*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kaus að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði fundarmanna. Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### **5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.**

Fundarstjóri vék því næst að tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins. Starfskjarastefnan var lögð fram óbreytt fyrir utan breytingar á ákvæði IV. gr. um umbun til æðstu stjórnenda.

Gaf fundarstjóri orðið laust en enginn fundarmanna kaus að taka til máls. Bar hann því næst starfskjarastefnuna undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

#### **6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2014.**

Fundarstjóri bar upp tillögu um að stjórnarmenn fái greiddar kr. 205.000 á mánuði en stjórnarformaður tvöfalda þá fjárhæð. Þá skulu varastjórnarmenn fá greiddar kr. 75.000 fyrir hvern stjórnarfund. Nefndarmenn í undirnefndum stjórnar skulu fá kr. 37.500 á mánuði en formenn undirnefnda kr. 75.000 á mánuði.

Gaf fundarstjóri orðið laust en enginn fundarmanna kaus að taka til máls. Bar hann því næst tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

#### **7. Kosning stjórnar félagsins.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fleiri hefðu gefið kost á sér í aðalstjórn félagsins en gert er ráð fyrir og því yrði gengið til kosninga. Í framboði til aðalstjórnar eru, í stafrófsröð:

Anna Guðný Aradóttir  
Erna Eiríksdóttir  
Heiðar Már Guðjónsson  
Hildur Dungal  
Hjörleifur Pálsson  
Vilmundur Jósefsson

Þau Agla Elísabet Hendriksdóttir og Yngvi Halldórsson voru sjálfkjörin í varastjórn félagsins.

Fundarstjóri bauð frambjóðendum til aðalstjórnar að kynna sig.

Anna Guðný tók fyrst til máls. Kynnti hún sig og sagði hún í stuttu máli frá sjálfri sér. Anna hefur setið undanfarið ár í stjórn félagsins og sagðist gjarnan vilja halda áfram að starfa innan stjórnar félagsins og takast á við þau spennandi verkefni sem eru í farvatninu.

Næst tók Erna Eiríksdóttir til máls en hún hefur sinnt stjórnunarstörfum hjá Eimskip undanfarin ár. Upplýsti hún að upphaflega hefði hún tekið sæti í stjórn að beiðni Framtakssjóðs Íslands. Hún hefur

þó undanfarið ár setið óháð í stjórn, þ.e. ekki fyrir hönd sérstaks eiganda. Óskaði hún eftir umboði fundarins til að sitja áfram í stjórn félagsins.

Heiðar Már Guðjónsson gerði því næst grein fyrir sjálfum sér. Kom fram sú ósk hans að umræður yrðu meiri á komandi aðalfundum hjá félaginu. Sagði hann miklu máli skipta að aðalfundir væru opinn vettvangur til skoðanaskipta. Heiðar sagði mikilvægt að hluthafar tækju ábyrgð sína alvarlega. Það væri á þeirra ábyrgð að kjósa einstaklinga í stjórn sem vinna fyrir alla hluthafa og ganga ekki erinda sumra hluthafa. Hvatti hann fundarmenn til að hafa þetta í huga og óskaði eftir umboði til að sitja áfram í stjórn Fjarskipta og búa félagið undir bjartari framtíð.

Hildur Dungal fékk næst orðið og kynnti sjálfa sig fyrir fundarmönnum. Sagði hún fráfarandi stjórn hafa kynnt fyrir fundinum framtíðarsýn stjórnar og þar með talið sína framtíðarsýn. Sagði Hildur mikilvægt og nauðsynlegt í þessu síbreytilega umhverfi að stjórn félagsins sé með augað á framtíðinni. Með því að hafa skýra framtíðarsýn verður félagið betur í stakk búið til að taka á þeim hindrunum sem á vegi þess verða. Sagðist Hildur vonast eftir áframhaldandi stuðningi í stjórn félagsins.

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður, tók við orðinu og sagði verkefni síðasta árs hafa verið gríðarlega skemmtileg. Mikið hafi verið að gera og þurfti stjórn félagsins að takast á við margar áskoranir. Óskaði Hjörleifur eftir að fá stuðning til áframhaldandi stjórnarsetu, taldi hann sig hafa margt fram að færa til að leiða Vodafone áfram inn í framtíðina.

Síðastur tók Vilmundur til máls. Sagðist hann vera þeirrar skoðunar að stjórnin hefði unnið vel undanfarið ár. Sjálfur hefur hann rekið sitt eigið fyrirtæki undanfarin 30 ár og sat í stjórn Fjarskipta 2012-2013. Sagðist Vilmundur líta á félagið sem afskaplega gott fyrirtæki sem ætti mikla möguleika í framtíðinni. Óskaði hann eftir að fá stuðning hluthafa til að setjast í stjórn félagsins enn á ný.

Tók fundarstjóri því næst til máls og gerði grein fyrir því að fram hefði komið ósk um margfeldiskosningu í stjórn félagsins. Útskýrði hann fyrirkomulag stjórnarkjörsins fyrir fundarmönnum og fór yfir dæmi með hvaða hætti fylla ætti út kjörseðilinn.

Að kosningu lokinni var farið afsíðis til þess að telja atkvæði en fundi haldið áfram.

Að loknu fundarhléi, eftir að dagskrárliðir höfðu verið tæmdir, lýsti fundarstjóri stjórnarkjöri. Var niðurstaða þess eftirfarandi:

Heiðar Már Guðjónsson	519.827.067	atkvæði
Hjörleifur Pálsson	275.654.401	atkvæði
Vilmundur Jósefsson	234.196.117	atkvæði
Hildur Dungal	177.909.275	atkvæði
Anna Guðný Aradóttir	35.429.884	atkvæði
Erna Eiríksdóttir	24.374.928	atkvæði

Eru Anna Guðný, Heiðar Már, Hildur, Hjörleifur og Vilmundur því rétt kjörin í aðalstjórn félagsins. Í varastjórn félagsins voru sjálfkjörin þau Agla Elísabet Hendriksdóttir og Yngvi Halldórsson.

## **8. Kosning endurskoðanda félagsins.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar þess efnis að KPMG ehf. verði endurkjörð sem endurskoðandi félagsins til næsta árs og bar undir atkvæði fundarmanna. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **9. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögum stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins, sem lúta annars vegar að aðgengi að hlutaskrá félagsins og hins vegar að flokkun varamanna í stjórn félagsins.

Í fyrsta lagi leggur stjórn til breytingu á 2. mgr. 6. gr. samþykkt félagsins varðandi aðgengi að hlutaskrá félagsins. Það er tillaga stjórnar að fyrir aftan 1. málslíð 2. mgr. komi orðin „á skrifstofu félagsins“. Eftir breytingar mun því 1. málslíður 2. mgr. 6. gr. samþykktanna verða:

„Hlutaskrá félagsins er gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar á skrifstofu félagsins.“

Í öðru lagi leggur stjórn til breytingu á 1. mgr. 17. gr. samþykkt félagsins varðandi flokkun varamanna. Það er tillaga stjórnar að orðalagið „sem skulu skilgreindir sem fyrsti og annar varamaður“ falli út og 1. mgr. 17. gr. verði því eftir breytinguna:

„Aðalfundur kýs árlega fimm menn í stjórn og tvo menn í varastjórn.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kaus að tjá sig um tillögurnar. Bar fundarstjóri tillögurnar upp í sameiningu og voru þær samþykktar samhljóða og með þeim aukna meirihluta sem krafist er í samþykktum félagsins.

## **10. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum.**

Fundarstjóri kynnti fyrir fundarmönnum svohljóðandi tillögu stjórnar:

„Stjórn Fjarsskipta hf. leggur til við aðalfund að félaginu verði heimilt, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, að kaupa allt að 10% af eigin hlutafé. Endurgjald fyrir keypta hluti skal miðast við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur er gerður. Heimild þessi skal gilda í 18 mánuði frá samþykki hennar.“

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að þetta væri almenn heimild fyrir stjórn. Gaf fundarstjóri orðið laust um framkomna tillögu en enginn fundarmanna kaus að taka til máls. Bar hann því næst tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

## **11. Önnur mál löglega upp borin.**

Fundarstjóri upplýsti að engin önnur mál væru á dagskrá fundarins. Gaf hann því næst orðið laust. Enginn óskaði eftir að taka til máls undir dagskrárliðnum önnur mál og var dagskrá fundarins því tæmd.

Í ljósi þess að enn var beðið eftir niðurstöðu úr stjórnarkjöri var gert hlé á fundi þar til talningu atkvæða væri lokið. Þegar atkvæði lágu fyrir gerði fundarstjóri grein fyrir niðurstöðu atkvæðagreiðslu eins og gerð er grein fyrir undir lið 7.

Að því loknu þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund og gerði að tillögu sinni að fundarstjóra og fundarriturum yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 18.20.

Framangreint staðfestist hér með.

Kristinn Hallgrímsson hrl., fundarstjóri

Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl., fundarritari

Valgerður B. Eggertsdóttir hdl., fundarritari